

Miðvikudaginn 6. maí 1959.

Nr. 135/1958. **Björn Björnsson** (Jóhann Steinason hdl.)

gegn

Guðnýju Aradóttur

og

Jóni Jónssyni (Ragnar Jónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómsmennur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1958. Krefst hann sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda að undanskildum $\frac{2}{3}$ hlutum af 2. og 3. kröfulið í héraði og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1958. Krefjast þau þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 150.000,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Í Hæstarétti hefur verið lögð fram ný áætlun tryggingafræðings þess, er getur í héraðsdómi, og hækkar niðurstöðutalan vegna verðbreytinga í kr. 100.930,00.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Björn Björnsson, greiði gagnáfrýjend-

um, Guðnýju Aradóttur og Jóni Jónssyni, kr. 4.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður hér í bæ vegna hjónanna Jóns bónda Jónssonar og Guðnýjar Aradóttur að Fagurhólsmýri í Örfefum höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 7. júlí 1957, gegn Birni Björnssyni stórkaupmanni, London, Englandi, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 150.000,00, auk 6% ársvaxta frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Vátryggingafélaginu h/f hér í bæ er stefnt til að gæta réttar síns í málinu, en síðargreind bifreið stefnda var vátryggð hjá því tryggingafélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Um kl. 17.30 mánudaginn 29. nóvember 1954 var sonur stefnenda, Gústaf Albert að nafni, á reiðhjóli á leið frá vinnu sinni hjá Flugfélagi Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli. Lá leið hans austur Njarðargötu. Er hann var kominn skammt austur fyrir skemmtigarðinn Tívolí, bar bifreið stefnda að á eftir honum, og skipti það engum togum, að hann varð fyrir bifreið þessari. Hlaut hann af slysi þessu slík lemstur, að hann lézt litlu síðar. Bifreið stefnda, sem bar skrásetningarmarkið 226-Z-1147, var ný 6 manna fólksbifreið af gerðinni Mercedes-Benz. Ök henni Einar Árnason lögfræðingur. Einn farþegi var í bifreiðinni, Gísli Sveinsson að nafni.

Einar Árnason skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið frá skálum Landleiða h/f við Reykjavíkurveg í umrætt sinn. Hafi hann ekið á réttum götuhelmingi á um 35 km hraða miðað við klukkustund á að gizka. Rétt áður en slysið varð, hafi hann mætt bifreið með eðlilegum ljósum. Hafi hann þá skipt ljósum sinnar bifreiðar á lægri ljósgeisla og ekið með þeim ljósum, er slysið varð. Hann kveðst ekki hafa orðið Gústafs heitins var fyrir en rétt í þann mund, er slysið varð. Hafi hann þá séð hann sem þúst fram undan bílnum án þess að gera sér grein fyrir

því, að hann var á reiðhjóli. Einar kveðst ekki gera sér ljóst, hvort hann hafi hemlað þá samstundis, en það hafi engum togum skipt, að bifreiðin lenti á mannum. Frekar kveðst Einar ekki geta lýst atvikum að slysinu. Er hann kom út úr bifreiðinni eftir slysið, hafi Gústaf heitinn legið á bakinu langsum á götunni við vinstri hlið bifreiðarinnar. Hafi hann þá verið meðvitundarlaus. Hafi hann kropsið niður að honum og hlustað eftir hjartslætti hans, er honum hafi virzt eðlilegur. Reiðhjól hans hafi legið á móts við vinstri afturhurð bifreiðarinnar.

Vitnið Gísli Sveinsson, sem áður er nefnt, sat í framsæti bifreiðarinnar. Það kveðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hraða bifreiðarinnar, en því hafi virzt hann eðlilegur, eins og á stóð, og alls ekki mikill. Í þessu sambandi skýrir vitnið svo frá, að er bifreið stefnda var um það bil að koma inn á Njarðargötu, hafi bifreið komið á móti þeim. Hafi bifreiðarstjórinn þá dregið mjög úr hraða bifreiðarinnar og tengt vélina í fyrsta ganghraða. Megi af því ráða, að hraðinn hafi ekki getað verið mikill orðinn, er slysið varð. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við Gústaf heitinn fyrr en alveg um leið og slysið varð. Það hafi heyrt höggið af árekstrinum og séð um leið eitthvað í loftinu, sem skolið hafi á framrúðu bifreiðarinnar vinstra megin. Það hafi fundið, að bifreiðarstjórinn hemlaði, um leið og slysið varð, og því hafi fundizt bifreiðin stöðvast svo til strax, eða a. m. k. hafi það ekki gert sér grein fyrir öðru. Vitnið lýsir svo verksummerkjum á slysstaðnum, að Gústaf heitinn hafi legið meðfram vinstri hlið bifreiðarinnar með höfuðið á móts við framaurlífina. Reiðhjól hans hafi legið á móts við vinstri afturhurðina, en rétt aftan við það, á móts við vinstra afturhorn bifreiðarinnar, hafi legið bláleit handtaska. Úti í skurði norðan götunnar, á móts við afturenda bifreiðarinnar, hafi legið pakki með árituðu nafni Gústafs heitins.

Vitnið Anna Sigríður Björgúlfsdóttir, sem unnið hafði um alllangt skeið með Gústaf heitnum hjá Flugfélagi Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli, skýrir svo frá, að um það leyti, er Gústaf heitinn hélt heim frá vinnu í umrætt sinn, hafi hún verið sótt í bifreið, er maður að nafni Jón Ágúst Guðbjörnsson ók. Hafi þau ekið sem leið liggur út af flugvallarsvæðinu yfir á Njarðargötu, en síðan suður á Reykjavíkurveg og vestur í bæ. Er þau voru rétt komin að Njarðargötu, hafi þau ekið fram hjá Gústaf heitnum, er þar hafði farið á hjóli sínu utarlega á vinstri götu-brún. Kveðst vitnið ekki hafa séð Gústaf, fyrr en bifreiðin var

„eiginlega alveg komin að honum“. Kveðst það vera öruggt um, að reiðhjólíð hafi verið ljóslaust bæði að framan og aftan.

Vitnið Jón Ágúst Guðbjörnsson kveðst hafa haft lægri öku-ljós bifreiðar sinnar tendruð, er það ók fram hjá Gústaf heitnum. Hafi bifreiðin verið komin mjög nálægt honum, er það sá hann. Gizkar vitnið á, að fjarlægðin á milli bifreiðarinnar og reiðhjólsins hafi þá verið um 3 metrar. Vitnið kveður þetta þó ekki hafa komið að sök vegna þess, hve utarlega á götubrúnni Gústaf heitinn hafi hjólað. Vitnið kveðst engin ljós hafa séð á reiðhjólinu.

Á sama tíma og slysið varð kom stór farþegabifreið eftir Njarðargötu úr austri. Ók henni Skarphéðinn Dalmann Eypórsson, en í bifreiðinni var einn farþegi, Pétur Guðmundsson að nafni. Hvorugur þessara manna hefur getað borið um ökuhraðann á bifreið stefnda né heldur, með hverjum hætti slysið varð. Þó hefur vitnið Skarphéðinn Dalmann skýrt svo frá, að 80—100 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, er það veitti því athygli, að eitthvað skyggði skyndilega á ökuljósin á bifreið stefnda. Jafnframt hafi það séð eitthvað kastast upp framan við bifreiðina og falla til jarðar vinstra megin við hana.

Þegar eftir slysið komu lögregluþjónar á vettvang bæði úr götulögreglu og rannsóknarlögreglu. Var þá ummerkjum á slystaðnum enn óraskað.

Í málinu liggur fyrir ýtarleg skýrsla frá Kristmundi J. Sigurðssyni lögregluþjóni um athuganir hans á slystaðnum. Þykir rétt að rekja hér meginefni skýrslu þessarar, en þar segir m. a. á þessa leið:

„Er við létum lýsa upp götuna aftan við bifreiðina, fundum við glerbrot úr vinstri framlukt bifreiðarinnar ásamt smærri glerkornum úr framrúðu bílsins á svæði, sem náði 21.25 m aftur fyrir bílinn, mælt að vinstra afturhjól. Virtist því bifreiðin hafa runnið þessa vegalengd, eftir að slysið skeði. Búið var að aka á bifreiðum og reiðhjólum rétt að bifreiðinni að aftan, var því ekki hægt að mæla nema tveggja metra hemlaför eftir bifreiðina, þótt þau geti hafa verið lengri, þar sem búið var af öðrum bifreiðum að aka ofan í hjólför hennar.

Gatan var alveg holulaus, en hallar aðeins í þá átt, sem bílnum var ekið. Yfirborð hennar virtist fast, miðað við malborna götu, eða þar sem hún er mest ekin. Lausamöl er á jöðrum götunnar, en bifreiðinni virtist hafa verið ekið innan við lausu

mölinna eða eðlilega eftir vinstri helmingi götunnar miðað við leið þá, sem bílstjórinn ók.

Eftir skemmdum bifreiðarinnar virtist mega álykta, að maðurinn, sem fyrir slysinu varð, hafi við ákeyrsluna aftan á reiðhjól hans kastast upp af hjólinu og upp fyrir vélarhússpak bílsins og skallið með sitjandann eða bakið á framrúðu bílsins vinstra megin, beint framan við sæti ökumanns.

Rúðan, sem er úr seigu gleri, brotnaði, en datt þó ekki úr, en glermulningur mun þó hafa hrunið úr henni. Bungaði rúðan inn.

Fyrir aftan gluggakarminn var dæld í þaki bílsins, og virtist ekki ósennilegt, að hnakki mannsins hafi skallið þar á, og við það hefur maðurinn reigzt aftur á gluggakarminum, sem veitt hefur mesta mótstöðu, og líklegt, að maðurinn hafi fengið aðalhöggið af honum. Neðst á vinstra frambretti bílsins var dæld og smágöt á brettinu, sem munu hafa komið af keðjustrekkjurum reiðhjólsins. Er ég athugaði reiðhjólið, var afturgjörðin klesst saman og dekkið af henni og slangan út úr því. Afturbretti var vafið saman og afturgaffall boginn. Benda skemmdir hjólsins eindregið til þess, að höggið hafi komið beint aftan á það, en engin merki sáust til þess, að það hefði lent undir hjólum bílsins.

Á „stellinu“ að framan var lukt glerlaus, og sást greinilega, að gler hefur ekki verið í henni, er slysið vildi til, og ekki ljósapera. Enginn „dýnamór“ var á hjólinu, en þráður frá luktinni lá aftur á „stellið“. Á afturbrettinu voru tvö göt, sem bentu til, að þar hafi verið fest „kattarauga“. Ekki var hægt að sjá, að það hefði verið þar, er slysið vildi til, og ekkert úr því, hvorki hulstur eða rauð glerbrot fundust á staðnum.“

Baldur Kristjánsson lögregluþjónn fullyrðir í skýrslu, sem hann síðar hefur staðfest fyrir dómi, að reiðhjól Gústafs heitins hafi verið algerlega ljóslaust.

Bifreið stefnda var samdægurs skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni. Í vottorði hans um skoðunina, dags. 30. nóvember 1954, segir m. a. á þessa leið:

„Bifreiðin var óhreyfð á slysstaðnum, er ég skoðaði hana. Reyndi ég bifreiðina í akstri þar á staðnum og ók henni á 25 km hraða norður Njarðargötuna. Bifreiðina var hægt að stöðva þegar í stað. Voru hemlar, stýrisútbúnaður og flauta í fullkomnu lagi.“

Opinbert mál var höfðað gegn ökumanni 226-Z-1147 vegna slyss þessa. Og með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. marz

1955, var hann með akstri sínum í umrætt sinn talinn hafa gerzt brotlegur við eftirfarandi lagaákvæði: 215. gr. laga nr. 19/1940, 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, svo og við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 2/1930.

Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar. Gekkt dómur í málinu í Hæstarétti 1. nóvember 1955. Var bifreiðarstjórinn með þeim dómi talinn hafa gerzt sekur um brot gegn öllum framangreindum lagaákvæðum.

Daginn eftir slysið var lík Gústafs heitins krufið af Níels Dungal prófessor. Í skýrslu hans um krufninguna, dags. sama dag, segir á þessa leið í niðurlagi:

„Ályktun: Við krufninguna fannst mikil blæðing í vinstra brjósthóli, sem stafað hafði af brotnu rifbeini, sem stungizt hafði inn í lungað. Enn fremur fannst hryggurinn þverbrotinn milli 3. og 4. hryggjarliðs. Þá fannst dálítil sprunga á miltinu, og hafði lítið eitt blætt frá henni.

Banameinið virðist hafa verið lost eftir blóðmissi, sennilega heilahristingur ásamt blæðingu inn í bæði lungu, þannig að blóð hefur komizt inn í lungnaberkjurnar og það valdið köfnun.“

Dómkröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að stefndi beri óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er af fráfalli sonar þeirra leiddi. Er um ástæður fyrir því skírskotað til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar.

Eins og áður getur, hefur stefndi aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnenda, þó „að undanskildum jarðarfararkostnaði, kr. 5.400,00“, eins og komizt er að orði í greinargerð hans. Þrátt fyrir þetta orðalag verður eigi annað ráðið af málflutningi umboðsmanns stefnda en sá varnagli sé hér sleginn, að stefndum verði ekki dæmdur þessi liður kröfu þeirra nema að því leyti, sem stefndi yrði talinn bera fébótaábyrgð á slysinu, kæmi til þess, að henni yrði skipt. Í greinargerð eru þau rök færð fram fyrir sýknukröfunni, að stefnendur hafi ekkert tjón beðið við fráfall sonar þeirra. Enn fremur kemur það fram í greinargerðinni, að stefndi telur sig ekki bera fébótaábyrgð á slysinu, þótt engin tilraun sé gerð til að færa að þeirri málsástæðu rök. Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að stefndi reisir þessa síðargreindu sýknuástæðu á því, að Gústaf heitinn hafi sjálfur átt sök á slysinu með því að hjóla á ljóslausu reiðhjóli, eftir að myrkt var orðið.

Eins og í hinum tilvitnaða dómi Hæstaréttar segir, bera skemmdirnar á bifreið stefnda og ummerki á slysstaðnum þess vott, að ökumaður bifreiðarinnar hefur ekið óhæfilega hratt, eins og á stöð, og ekki gætt nægrar varkárni og aðgæzlu í akstri og stjórn bifreiðarinnar. Ber því stefndi að því leyti, sem slysið verður til þessa gáleysis ökumannsins rakið, fébótaábyrgð á slysinu, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941.

Á hinn bóginn þykir sýnt, að slysið megi að nokkru rekja til þess gáleysis Gústafs heitins að vera á ljóslausu reiðhjóli á Njarðargötunni, eftir að dimmt var orðið.

Eins og atvikum er hér háttað, þykir rétt, að stefndi bæti með fé $\frac{2}{3}$ þess tjóns, sem af slysinu hlaut.

Stefnendur sundurliða kröfu sína í málinu þannig:

1. Dánarbætur	kr. 144.000,00
2. Útfararkostnaður	— 5.400,00
3. Útreikningur dánarbóta —	600,00

Alls kr. 150.000,00

Um 1.

Er Gústaf heitinn lézt, var hann tæplega 21 árs gamall, fæddur 24. desember 1933. Hann var næstýngstur 8 systkina. Faðir hans var þá 68 ára gamall, fæddur 12. febrúar 1886, en móðir hans 63 ára, fædd 2. júlí 1891. Stefnendur eru eigendur að $\frac{1}{4}$ hluta Fagurhólmsmýrar í Öræfum og reka þar búskap. Af börnum þeirra eru fjögur búsett í Reykjavík, en tvö þau yngstu eru enn heima og vinna á búi foreldra sinna. Er annað þeirra sonurinn Sigurgeir, fæddur 24. maí 1932. Elzti sonurinn býr einnig í föðurgarði, en hefur fyrir eiginkonu og tveimur börnum að sjá. Mun hann starfa að allmiklu leyti utan búsin.

Stefnendur telja, að þau hafi orðið fyrir framfærslutjóni vegna fráfalls Gústafs heitins, þar sem svo hafi verið til ætlazt og um það þegjandi samkomulag í fjölskyldunni, að yngstu bræðurnir tveir önnuðust þau í ellinni. Er í því efni skírskotað til þess, að þeir hafi báðir unnið á búinu, en aflað tekna utan þess þann tíma ársins, sem það krafðist ekki óskiptra starfskrafta þeirra.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Gústafs heitins hafa nettótekjur hans árin 1952 og '53 verið þessar: árið 1952 kr. 12.788,00 fyrir vinnu utan heimilis, en kr. 1.200,00 af landbúnaði, og árið 1953 kr. 14.888,00 fyrir vinnu utan heimilis, en kr. 2.009,00 af landbúnaði. Hrein eign hans í árslok hefur numið kr. 21.978,00.

Staðfest afrit af framtölum stefnandans Jóns gefa til kynna,

að nettótekjur hans, að langmestu leyti af búskap, á árunum 1952—1954 hafa verið þessar: árið 1952 kr. 9.497,00, árið 1953 kr. 8.718,00 og árið 1954 kr. 10.062,50.

Stefnendur hafa fengið K. G. Guðmundsson tryggingafræðing til að gera áætlun um framfærslutjón þeirra vegna fráfalls Gústafs heitins. Í útreikningi sínum, sem dags. er 10. apríl 1957, gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að stefnendur hefðu orðið kyrrir á Fagurhólsmýri, og miðar útreikning sinn við það, hvað á kunnir að skorta, að þau geti lifað þar sómasamlegu lífi til æviloka. Reiknar hann fyrst út áætlað verðmæti framfærslukostnaðar hjónanna. Telst honum það nema miðað við slysdag kr. 131.984,00 fyrir stefnandann Guðnýju og kr. 107.173,00 fyrir mann hennar. Er þá gert ráð fyrir, að hvort hjónanna hefði þurft kr. 12.000,00 á ári til sómasamlegs framfæris miðað við verðlag, er Gústaf heitinn lézt, en síðan hækkandi með verðlagi. Til samanburðar getur tryggingafræðingurinn þess, að daggjald á elliheimilinu í Hveragerði hafi verið kr. 55,00 eða kr. 20.075,00 alls á ári.

Í annan stað reiknar tryggingafræðingurinn út verðmæti elli-lífeyris þess, er stefnendur njóta samkvæmt almannatryggingalögum. Reiknast honum verðmæti hans nema kr. 68.042,00 fyrir bæði hjónin.

Í þriðja lagi er svo metin til fjár með líkindareikningi starfsorkan, sem stefnendur áttu eftir, er Gústaf heitinn féll frá. Vegna aldursmunar þeirra áætla tryggingafræðingurinn þeim jafnar vinnutekjur um það leyti, er Gústaf heitinn lézt. Reiknast honum þær kr. 4.817,00 á ári fyrir hvort hjónanna. Verðmæti þeirra tekna á slysdagi reiknast honum þá, að nemi kr. 28.611,00 fyrir Guðnýju, en kr. 21.897,00 fyrir mann hennar.

Samkvæmt þessu telst hinum sérfróða manni, að kr. 90.126,00 vanti, til þess að stefnendur geti lifað við þau kjör, sem áður greinir. Reiknar hann þá með því til viðbótar því, sem hér að framan greinir, að eignir stefnenda nemi kr. 30.481,00, en samkvæmt skattframtali eru það eignir þeirra í árslok 1954 (þar af er bústofn kr. 29.900,00, en jörðin og hús á henni kr. 3.000,00).

Í lok greinargerðar sinnar kveðst tryggingafræðingurinn ekki geta um það sagt, hvað sé eðlilegt að áætla, að mikill hluti nefndrar fjárhæðar hefði fallið á Gústaf heitinn, hefði honum enzt líf. En þann hluta beri að lækka lítið eitt (innan við 5%) vegna þess möguleika, að Gústaf hefði fallið frá eða misst starfsorkuna, áður en foreldrar hans voru báðir dánir.

Auk þeirra atriða, sem nefnd hafa verið, er útreikningur þessi

byggður á 6% vöxtum p.a., dánarlíkum samkvæmt reynslu hér á landi árin 1941 til 1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Stefnendur fallast ekki á framangreindan útreikning, að því er varðar áætlað verðmæti framfærslukostnaðar þeirra. Telja þau, að 12.000,00 króna framfærslueyrir á ári til handa hvoru þeirra, miðað við verðlag á dánardægri Gústafs heitins, sé of lágtur til sómasamlegs framfæris. Beri í því efni að miða við vistgjöld á elliheimili, sem leitt sé í ljós, að séu mun hærri. Er því fjárhæð sú, sem krafizt er undir þessum lið, áætluð af hálfu stefnenda.

Eins og áður er getið, er því haldið fram af stefnda, að stefnendur hafi ekkert fjártjón beðið vegna fráfalls sonar þeirra. Þessu til stuðnings er sérstök athygli vakin á eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi sé ljóst, að eignir þeirra séu mun meiri en upp er gefið, þar sem skattmat jarðar og húsa sé bersýnilega of lágt og algerlega úrelt miðað við verðlag nú til dags. Í annan stað sé það leitt í ljós, að hrein eign Gústafs heitins, er hann féll frá, hafi numið kr. 21.978,00. Verði eigi annað séð en eignir þessar hafi fallið til stefnenda að honum látnum. Í þriðja lagi komi það fram á skattframtölum stefnenda, að þeim hafi nægt minni framfærslueyrir en tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir í útreikningi sínum. Í fjórða lagi telur stefndi svo óvíst, að nokkurn tíma hefði til þess komið, að Gústaf hefði framfært foreldra sína, þótt honum hefði enzt líf og heilsa og vilji beggja aðilja hefði til þess staðið, að ógerlegt sé að gera ráð fyrir því sem líklegu, hvað þá, að nokkuð verði fullyrt í því efni.

Af sjö börnum stefnenda eru, eins og áður er getið, tvö í heimahúsum, sem bæði vinna á búi þeirra, svo og þriðja barnið, sem stundar önnur störf og hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Af hinum börnunum fimm, sem að heiman eru flutt, eru þrjú gift og hafa fyrir börnum að sjá, en tvö eru einhleyp. Er annað þeirra dóttir, fædd 1929, en hitt sonur, fæddur 1924. Starfar hann sem kennari hér í bænum.

Eins og atvikum er hér háttað, verður að telja fram komnar nægar líkur fyrir því, að Gústaf heitinn hefði framfært stefnendur, a. m. k. að nokkru leyti, ef honum hefði enzt líf. Eiga þau því rétt á bótum samkvæmt þessum lið. Með hliðsjón af hreinni eign Gústafs heitins, er hann féll frá, sem gera verður ráð fyrir, að runnið hafi óskipt til stefnenda, framangreindri skiptingu fébótaábyrgðar og bótum, sem stefnendur hafa fengið frá Trygg-

ingastofnun ríkisins vegna fráfalls sonarins, að fjárhæð kr. 9.400,00, ákveðast bætur til þeirra fyrir missi sonarins sem framfæranda kr. 25.000,00.

Um 2. og 3.

Liðir þessir sæta ekki andmælum, og verða þeir teknir til greina með kr. 4.000,00 ($\frac{2}{3}$ af kr. 5.400,00 + $\frac{2}{3}$ af kr. 600,00).

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 29.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er. Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, sem eftir atvikum ákveðst kr. 3.150,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Björnsson, greiði stefnanda, Ragnari Jónsyni vegna Jóns Jónssonar og Guðnýjar Aradóttur, kr. 29.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og kr. 3.150,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maí 1959.

Nr. 140/1957. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Arthur Salter (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Fiskveiðibrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsins Þórs 6. júlí 1957 og markað á sjóupprætti staði togarans samkvæmt þeim mælingum. Reyndist staður togarans um 0,5 sm. innan fiskveiðimarka kl. 07.25,